

Nd.

367. Frumvarp til laga

[189. mál]

um búnaðarfræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

I. KAFLI

UM HLUTVERK, SKIPULAG OG STJÓRN

1. gr.

Markmið búnaðarfræðslu er:

- a) að veita bændaefnum og öðrum hagnýta fræðslu um landbúnað;
- b) að stuðla að aukinni fræðslu og endurmenntun þeirra, er við og fyrir landbúnað starfa;
- c) að veita vísindalega fræðslu í búfræði og undirstöðugreinum hennar.

Almenn búnaðarfræðsla skv. liðum a og b fer fram við búnaðarskóla, sbr. II. kafla. Enn fremur getur hún farið fram við aðra framhaldsskóla, í bréfaskóla, með námskeiðahaldi og á hvern þann hátt annan, sem hagkvæmt þykir og samþykkt er af yfirstjórn búfræðslumála. Fræðsla skv. lið c fer fram við búvísindadeild bænda-skólans á Hvanneyri í Borgarfirði, sbr. III. kafla laganna.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn búnaðarfræðslunnar samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Búfræðslunefnd skal marka stefnu í búfræðslumálum og samræma störf þeirra, er að þeim vinna. Landbúnaðarráðherra skipar búfræðslunefnd til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti: skólastjórar búnaðarskóla, einn fulltrúi úr hópi búfræðikennara, tilnefndur af félagi þeirra, tveir fulltrúar kosnir á Búnaðarþingi og fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðuneytinu.

Landbúnaðarráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

4. gr.

Á skólastöðum eða í tengslum við þá skal reka fjölbreyttan búskap, er fullnægi sem flestum þörfum kennslu og verkþjálfunar, skapi aðstöðu til rannsókna og sé til fyrirmyndar, hvað snertir rekstrarhætti og umgengni.

5. gr.

Rannsóknir við skólana skulu skipulagðar með öðrum landbúnaðarrannsóknum í landinu.

II. KAFLI UM BÚNAÐARNÁM

6. gr.

Í landinu skal starfrækja a. m. k. þrjú búnaðarskóla, að Hólum í Hjaltadal, á Hvanneyri í Borgarfirði og í Odda á Rangárvöllum. Á búnaðarskólum skal veita bóklega og verklega fræðslu um alla hætti almenns búrekstrar svo og um aukabúgreinar, eftir því sem við verður komið við hvern skóla.

Landbúnaðarráðherra getur ákveðið verkaskiptingu á milli skóla og skólabúa, ef þurfa þykir.

7. gr.

Ráðherra skipar skólastjóra, og hafa þeir á hendi stjórn skóla, skólabús, rannsóknna og annarrar starfsemi skólans.

8. gr.

Við hvern skóla skal starfa ráðgefandi skólanefnd, tilnefnd af stjórnnum búnaðarsambanda viðkomandi landshluta til fjögurra ára í senn. Skólanefnd skal m. a. efla tengsl skólanna við bændur og búnaðarsamtök á svæðinu og vera skólastjóra til fulltingis við uppbyggingu skólasetursins. Nánar skal kveða á um skipun og starfsvið hverrar skólanefndar í reglugerð. Skólanefndir séu ólaunaðir.

9. gr.

Ráðherra skipar fasta kennara við skólana, en skólastjóri ræður stundakennara.

Kennarar við hvern skóla skulu vera eigi færri en 6 auk skólastjóra. Af þeim skal einn hafa yfirumsjón með skipulagningu á verkþjálfun og verknámi nemendanna, sbr. 12. gr. þessara laga.

Skipa má bústjóra við skólabúin með sömu kjörum og kennara, enda hafi þeir sambærilega menntun.

10. gr.

Fastir kennarar búnaðarskólanna skulu vinna fullt ársstarf. Auk kennslu skulu þeir vinna að rannsóknum, kennslubókagerð og öðrum hliðstæðum störfum í þágu skólafnunarinnar. Nánar skal kveðið á um störf skólustjóra og kennara í erindisbréfi.

Inntökuskilyrði, námstilhögun og próf.

11. gr.

Almenn deild búnaðarskóla nefnist bændadeild og lýkur námi í henni með búfræðiprófi.

Inntökuskilyrði í bændadeild eru:

1. Umsækjandi hafi lokið grunnskólaprófi eða aflað sér á annan hátt jafngildrar undirbúningsþekkingar að dómi skólustjóra.
2. Umsækjandi hafi öðlast reynslu við landbúnaðarstörf og að jafnaði stundað þau eigi skemur en eitt ár, bæði vetur og sumar.

12. gr.

Nám við bændadeild skal skipuleggja sem tveggja ára nám. Árlegur námstími skal eigi vera skemmri en 27 vikur. Námið skiptist í eftirtalin þrjú svið:

1. Grunn nám með aðaláherslu á undirstöðuatriði búfræði og búrekstrar.
2. Verknám og verkþjálfun, er farið getur fram jöfnum höndum á skólstöðunum og á bændabýlum eða öðrum búum, og þá undir eftirliti skólans.
3. Nám í hinum einstöku greinum búfræði og tengdum greinum.

13. gr.

Námsefni til búfræðiprófs skal ákveðið með námsskrá, sem landbúnaðarráðherra staðfestir.

Auk búfræðigreina og tengdra greina skal til búfræðiprófs kenna íslensku og stærðfræði. Enn fremur skal gefa nemendum kost á kennslu í ensku og einu Norðurlandamáli eftir ákvörðun búfræðslunefndar. Sú kennsla skal sniðin eftir námsefni almennra framhaldsskóla.

Nám til búfræðiprófs skal metið til eininga, hverfi nemandi úr búnaðarskóla að öðru framhaldsnámi.

Um tímalengd og skiptingu námsins, svo og fyrirkomulag þess og námsmat, skal nánar kveðið á í reglugerð.

14. gr.

Nú sækja nemendur, sem stundað hafa nám við aðra framhaldsskóla, um innngöngu í bændadeild búnaðarskóla, og skal þá meta til eininga það af fyrra námi þeirra, sem nýtist fyrir búfræðipróf, og minnka námsskylduna, er því nemur.

15. gr.

Nú er í almennum framhaldsskóla stofnað til námsbrautar í búfræði, og skal þá námsskrá slíkrar kennslu og fyrirkomulag á verknámi og námsmat hljóta samþykki búfræðslunefndar.

Búfræðslunefnd ákveður, hvort eða hvenær slíkur skóli getur útskrifað búfræðinga.

Um bútæknánám og námskeiðahald.

16. gr.

Heimilt er að koma á framhaldsnámi í búfræði eftir búfræðipróf, bútæknánámi, við einn eða fleiri af búnaðarskólanum, þegar aðstæður eru fyrir hendi.

17. gr.

Framhaldsnám þetta skal miða við, að það veiti fyllri fræðslu í búfræðigreinum, einkum nútækni, bústjórn og búnaðarhagfræði og standi eigi skemur en 30 vikur.

Námsefni til nútæknaprófs skal ákveða með námsskrá, er landbúnaðarráðherra staðfestir. Nánar skal kveða á um fyrirkomulag náms og námsmat í reglugerð.

18. gr.

Búnaðarskólarnir skulu halda námskeið fyrir bændur og starfsmenn landbúnaðarins. Námsefni skal miðast við, að það henti starfandi bændum og öðrum, er við landbúnað vinna, hvort sem þeir hafa lokið búfræðiprófi eða ekki.

III. KAFLI

UM BÚVÍSINDANÁM

19. gr.

Við Bændaskólann á Hvanneyri skal starfrækt búvísindadeild, sem er vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun á sviði landbúnaðar.

Búvísindadeild veitir nemendum sínum fræðslu og vísindalega þjálfun í búfræði, er miðast við það, að þeir geti tekið að sér sérfræðistörf fyrir íslenskan landbúnað og unnið að rannsóknum í þágu hans.

20. gr.

Skólastjóri bændaskólans er yfirmaður búvísindadeildar. Deildarstjórn er skólástjóra til ráðuneytis um stjórn deildarinnar og skipulagningu kennslu og rannsókna.

Deildarstjórn skipa fulltrúar kennara á öllum námssviðum (sbr. 24. gr.) og 2 fulltrúar nemenda við deildina.

Kveða skal nánar á um vald og verksvið deildarstjórnar í reglugerð.

21. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar fasta kennara, sem skulu fullnægja sömu kröfum og gerðar eru til háskólakennara og njóta sömu kjara.

Skipa skal a. m. k. 5 aðalkennara og auk þess aðstoðarkennara eftir ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins að fengnum tillögum skólastjóra og deildarstjórnar. Skólastjóri ræður stundakennara.

Aðalkennarar hafa umsjón með kennslu hver á sínu námssviði og skipuleggja rannsóknir og þjálfun nemenda á því sviði.

22. gr.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna dómnefnd, er fjalli um hæfni umsækjenda til að gegna stöðu kennara við búvísindadeild. Einn skal skipaður eftir tilnefningu deildarstjórnar, annar eftir tilnefningu Félags íslenskra búfræðikandidata, ráðherra skipar formann án tilnefningar. Skipa má þá eina í dómnefnd, sem lokið hafa háskólaprófi í viðkomandi grein eða eru viðurkenndir sérfræðingar í greininni.

Um inntökuskilyrði, námsefni og próf.

23. gr.

Skilyrði til inntöku í búvísindadeild eru þessi:

- a. að umsækjandi hafi lokið búfræðiprófi með fyrstu einkunn.
- b. að umsækjandi hafi lokið stúdentsprófi eða öðru framhaldsskólanámi, sem deildarstjórn telur jafngilt og mælir með.

24. gr.

Námsefni deildarinnar er skipt í eftirtalin fimm svið:

1. Undirstöðugreinar, 2. búfjárfræði, 3. jarðræktarfræði, 4. nútækni, 5. búnaðarhagfræði og félagsfræði. Hverju námssviði er skipt í námsgreinar. Efni hvernar námsgreinar skal skilgreina í námsskrá, er landbúnaðarráðherra staðfestir.

25. gr.

Árlegur námstími við búvísindadeild skal eigi vera skemmri en 34 vikur. Ákveða má einstök námskeið utan reglulegs námstíma. Leyfi og önnur kennsluhlé skal ákveða í reglugerð.

26. gr.

Lokapróf frá búvísindadeild er kandidatspróf í búfræði (B. S. próf).

Námsskrá miðast við 3 ára nám og 4 ára nám.

Heimilt er að brautskrá búfræðikandidata að loknum tilskyldum prófum eftir þrjú námsár.

Auk þess skal á fjórða námsári gefinn kostur á sérhæfðu námi og rannsóknahjálfun.

27. gr.

Hafa skal samvinnu við Háskóla Íslands um kennslu nemenda búvísindadeildar eftir því sem henta þykir, með tilliti til kennslukrafta og kennsluaðstöðu.

Um þá samvinnu skal gera sérstakt samkomulag á milli Bændaskólans á Hvanneyri og Háskóla Íslands.

28. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar prófdómara við búvísindadeild.

Í reglugerð skal kveða á um námsmat og réttindi nemenda til að ganga undir próf.

29. gr.

Starfrækja skal við búvísindadeild fræðilegt bókasafn varðandi landbúnað. Það skal vera nemendum og kennurum til afnota svo og þeim sem vinna að landbúnaðar-rannsóknum.

IV. KAFLI

EMBÆTTISBÚSTAÐIR

30. gr.

Á landi skólanna skal reisa bústaði fyrir skólastjóra, kennara og aðra fasta starfsmenn skólanna, eftir því sem landbúnaðarráðherra ákveður og fé er veitt til á fjárlögum.

31. gr.

Nú vill fastur starfsmaður skóla reisa sér íbúðarhús, og á hann þá rétt á lóð undir það í landi skólans. Lóðir skulu ákveðnar í samræmi við skipulagsuppdrátt staðarins. Leita skal í hvert sinn samþykkis ráðherra fyrir byggingunni og þeirri teikningu, sem byggt er eftir.

V. KAFLI

ÝMIS ÁKVÆÐI

32. gr.

Kostnaður við stofnun og starfrækslu búnaðarskóla, búvísindadeildar og skólabúa greiðist úr ríkissjóði. Verði reksturshalli á skólabúunum, skal hann greiðast úr ríkissjóði.

33. gr.

Skólastjórar skólanna sjái um, að nemendur geti haft sameiginlegt mötuneyti, ella selji skólarnir þeim fæði á kostnaðarverði.

34. gr.

Í reglugerð, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum búfræðslunefndar, skal kveða nánar á um starfsemi búnaðarskólanna, búvísindadeildar og annað, er að framkvæmd laga þessara lýtur.

35. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 55 frá 20. apríl 1963.

36. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1978. Ákvæði 12. gr. skulu koma til framkvæmda eigi síðar en 4 árum frá gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og fram kemur hér á eftir, er frumvarp þetta samið af nefnd, sem landbúnaðarráððherra skipaði árið 1973.

Eftir að nefndin skilaði frumvarpinu, var það lagt fyrir Búnaðarþing 1975, sem mælti með lögfestingu þess með lítilsháttar breytingum.

Síðan hefur frumvarpið verið til athugunar á vegum landbúnaðarráðuneytisins og hafa verið gerðar á því nokkrar breytingar einkum á III. kafla, er fjallar um búvísindanám.

Athugasemdir þær sem hér fara á eftir hafa verið færðar til samræmis við þetta, þó eru fjórir fyrstu kaflar þeirra, aftur að: „Skipulag búnaðarfræðslunnar“, óbreyttir frá því sem nefndin skilaði þeim.

Nefndarskipun og verkefni.

Með bréfi dagsettu 6. febrúar 1973 skipaði landbúnaðarráðherra Halldór E. Sigurðsson 5 manna nefnd til þess að endurskoða lög og reglur um alla búnaðarmenntun í landinu og gera tillögur um tilhögun búnaðarmenntunar í framtíðinni.

Tillögur sínar skyldi nefndin miða við það, að í náinni framtíð hafi sem allra flestir bændur landsins hlotið búnaðarmentun og í öðru lagi við það, að háskóla-mentun í búfræði verði eflað og gerð svo fullkomin sem tæk eru á.

Ráðuneytið vakti jafnframt þessu athygli á tillögum millipinganeftdar Búnaðarþings, um menntun bænda og ályktun Búnaðarþings 1972 um þessi efni.

Nefndinni var einnig bent á að skipuð hefði verið nefnd til að vinna að stofnun bændaskóla á Suðurlandi og að eðlilegt teldist, að nefndirnar hefðu samráð með sér eftir því sem tilefni gæfust.

Í nefndina voru skipaðir skólastjórnarnir Haraldur Árnason og Magnús B. Jónsson, Hjörtur E. Þórarinnsson, bóndi á Tjörn, eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, Jón Helgason, bóndi á Seglbúðum, eftir tilnefningu Stéttarsambands bænda. Jónas Jónsson, þá aðstoðarmaður ráðherra, var skipaður formaður nefndarinnar.

Forganga Búnaðarþings.

Áður en greint er frá störfum nefndarinnar skal lýst forsögu málsins.

Á Búnaðarþingi 1971 var kosin millipinganeftnd „til að gera tillögur um hvernig að því megi stuðla, að sem flestir þeir, sem hefja búskap í lok yfirstandandi áratugs hafi fengið visst lágmark búfræðimentunar“.

Nefnd þessi skilaði ítarlegu álitni til Búnaðarþings 1972, og afgreiddi það málið með eftirfarandi ályktun, sem samþykkt var með 23 samhljóða atkvæðum.

„Búnaðarþing felur stjórn Búnaðarfélags Íslands að vinna að því við ríkisstjórn og Alþingi, að endurskoðuð verði öll lög og reglugerðir um bændaskóla og almennt búnaðarnám í landinu. Í því skyni séu skipaðir á vegum landbúnaðarráðuneytisins fimm menn í nefnd, tveir eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, tveir eftir tilnefningu Stéttarsambands bænda og einn án tilnefningar.

Markmið þeirrar endurskoðunar verði það, að í náninni framtíð hafi sem allra flestir bændur landsins hlotið búfræðimenntun.“

Því bendir þingið á eftirfarandi:

- a) Að starfandi verði bændaskóli í hverjum landsfjórðungi og stærð þeirra miðist við það, að þeir fullnægi jafnan ofangreindu markmiði.
- b) Að nám í bændaskóla tengist eðlilega almennu skólakerfi landsins.
- c) Að komið verði á nokkru valfrelsi í námsgreinum og lengd námstíma innan skólanna, svo og verkaskiptingu milli þeirra, m. a. í þeim tilgangi að auka verulega verklega kennslu.
- d) Að bændum og bændaefnum verði gert kleift að afla sér nokkurrar búfræðimenntunar utan reglulegra bændaskóla með því að koma í fast form námskeiðahaldi í búfræðilegum greinum á hentugum stöðum og í bréfaskóla.
- e) Að settar verði reglur um aukna opinbera þátttöku í námskostnaði nemenda bændaskólanna.
- f) Að tekið verði til athugunar, hvort gerlegt sé að lögtaka, að búfræðiprófi fylgi ákveðin réttindi.
- g) Að starfandi verði við bændaskólana skólanefndir, kosnar af búnaðarsamtökum viðkomandi landsfjórðungs.
- h) Að sett verði á stofn í samráði við bændasamtökin föst ráðgefandi nefnd á vegum landbúnaðarráðuneytisins varðandi allt það er lýtur að búnaðarmenntun bændastéttarinnar.

Jafnframt vill þingið benda á, að unnt er að vinna nokkuð að því marki, sem hér um ræðir, án þess að til komi löggjöf, svo sem með:

- a) Kynningu og áróðri fyrir bændaskólunum af hendi búnaðarsamtaka og skólanna sjálfra.
- b) Styrkveitingum búnaðarsamtakanna til búfræðinema.
- c) Skipulagningu búnaðarnámskeiða, þ. á m. bréfanámskeiða, með samkomulagi við starfandi skóla eða á annan hátt.
- d) Tengingu bændaskólanáms við almenna fræðsluferfið, með samkomulagi við yfirstjórn fræðslumála, þannig að upp verði tekin á síðasta stigi skyldunáms kennsla í búfræðigreinum í skólahverfum sveitanna.

Sem greinargerð með þessari ályktun vísast til álitsgerðar millipinganeftar.

Í millipinganeft Búnaðarþings áttu sæti: Hjalti Gestsson, ráðunautur, Hjörtur E. Þórarinnsson, bóndi og Páll Pálsson, bóndi.

Nefndarstörfin.

Nefndin kom fyrst saman til fundar á Hvanneyri 19. maí 1973. Sá fundur var í tengslum við fund félags búfræði- og garðyrkjukenndara, sem fjallaði um búfræðimenntun. Síðar hefur hún haldið flesta fundi sína í Reykjavík.

Guðmundur Sigþórsson, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, hefur starfað sem ritari nefndarinnar.

Nefndin hefur aflað sér gagna og munnlegra upplýsinga um tilhögun búnaðarnáms á hinum Norðurlöndunum.

Formaður nefndarinnar heimsótti yfirmenn norsku búnaðarfræðslunnar við landbúnaðarráðuneytið í Osló, og einnig landsráðunaut Noregs í búfræðslumálum, Arne

Vold, og fékk hjá þeim yfirlit yfir skipan búfræðslumála í Noregi og upplýsingar um áformaðar breytingar á þeim. Þá hefur nefndin fengið yfirlit yfir þessi mál í Svíþjóð og Danmörku.

Verður síðar í greinargerðinni gefið stutt yfirlit yfir þau.

Þann 17. júlí 1973 héldu búfræðslunefnd og bændaskólanefnd Suðurlands sam-
eiginlegan fund. Auk þess hefur formaður nefndarinnar fylgst með undirbúnings-
starfi búnaðarskólanefndar Suðurlands.

Nefndin hefur átt góða samvinnu við þá aðila í menntamálaráðuneytinu, sem
vinna að skipulagningu náms í framhaldsskólum og skólarannsóknum. Á fundi nefnd-
arinnar hafa komið þeir Andri Ísaksson, Hörður Lárusson og Stefán Ólafur Jónsson.

Á meðan nefndin hefur starfað hefur Félag kennara við búnaðar- og garðyrkju-
skóla haldið þrjá fundi, þar sem rætt hefur verið um búnaðarfræðslu. Einstakir nefnd-
armenn hafa tekið þátt í þessum fundum.

Verkefnum nefndarinnar var eðlilegt að skipta í tvo meginþætti.

1. Almenna búfræðimenntun. Búnaðarskólana, hlutverk þeirra og tilhögun.
2. Háskólamenntun í búfræði, þ. e. samningu laga um búnaðarháskóla.

Nefndin kannaði nokkuð hvort eðlilegt teldist að hún tæki til endurskoðunar lög
um garðyrkjumenntun í landinu. Að dómi nefndarmanna er slík endurskoðun tíma-
bær, en þar sem hvorki var fulltrúi garðyrkjubænda né garðyrkjuskólans í nefndinni
ákvað hún að taka þann þátt búnaðarfræðslunnar ekki fyrir.

Dagana 24.—26. marz 1974 heimsótti nefndin bændaskólana á Hólum og Hvann-
eyri og átti þar fundi með kennurum og nemendum.

Leitast var við að kynna sér sem nánast sjónarmið þessara aðila hvers fyrir
sig til búnaðarnámsins, eins og því er nú háttað, og hverjar breytingar þeir teldu
æskilegar og nauðsynlegar.

Í þessum umræðum lögðu nefndarmenn fram þær hugmyndir sem nefndin hafði
þá gert sér um tilhögun námsins.

Alls hefur nefndin haldið 25 fundi og lauk hún störfum 26. febrúar 1975.

BÚNAÐARNÁM Á NORÐURLÖNDUM

NOREGUR

Í Noregi er búnaðarfræðsla á vegum landbúnaðarráðuneytisins. Alls eru þar 39
búnaðarskólar, þar af tveir í einkaeign. Árið 1969 voru 1736 nemendur þar í búnaðar-
skólum, þar af 1114 á fyrsta ári og 622 á öðru. Til samanburðar má geta, að bújarðir
eru um þetta leyti taldar 155 þúsund. Námið skiptist í fjögur stig.

Undirstöðunám (grunnoplæring) í eitt ár. Í það geta nemendur farið eftir grunn-
skóla 16 ára. Þeir, sem hafa lokið því eða hafa eins árs starfsreynslu við landbúnaðar-
störf, geta farið í almennt búfræðinámið við búnaðarskóla. Það stendur í eitt eða eitt
og hálf ár og lýkur með búfræðiþrófi. Bútækninámi (agroteknikerkurs) er síðan hægt
að ljúka á einu ári, eftir búfræðiþróf, en þess er óskað, að nemandi hafi unnið a. m. k.
eitt ár við landbúnaðarstörf eftir búfræðiþróf. Norðmenn voru að undirbúa breytingu
á fyrirkomulagi búfræðináms og stefndu að því að fella námið meira að öðru fram-
haldsskólanámi og auðvelda nemendum, sem sæktu búnaðarskóla að halda áfram
námi við aðra framhaldsskóla.

Háskólanám í búfræði fer fram við Landbúnaðarháskólann að Ási. Náminu er
nú hægt að ljúka á 4 árum, áður á þremur (32 mánuðum). Krafist er stúdentsprófs,
búfræðiþrófs og árs verkþjálfunar, til að menn fái inngöngu í skólann. Hægt er þó
að komast í skólann án stúdentsprófs, með því að fara á sérstakan undirbúnings-
skóla að Hamri.

DANMÖRK

Í Danmörku er starfræktur 21 búnaðarskóli og auk þess tveir skólar, sem eingöngu hafa stutt námskeið. Námið er nokkuð mislangt við hina einstöku skóla. Margir skólar hafa grunnnámskeið, sem eru 3—6 mánuðir. Sumir auk þess 2ja til 3ja mánaða forskóla. Við mjög marga skóla er hægt að velja um 6 eða 9 mánaða nám. Búfræðinám í Danmörku getur verið frá 5 og upp í 12 mánuðir. Að loknu búfræðiprófi gefst kostur á bítæknanámi, sem tekur eitt eða tvö ár.

Nám við Landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn tekur 4 ár. Krafist er búfræðiprófs og undirbúningsnáms til inngöngu, en stúdentspróf er ekki skilyrði.

SVÍÐJÓÐ

Með breytingum, sem gerðar voru á fyrirkomulagi búnaðarmenntunar í Svíþjóð árið 1962, var búnaðarnámið tengt við almennt skyldunám og nám í öðrum framhaldsskólum. Þeir, sem ekki ætla áfram í háskóla, en vilja afla sér búfræðimenntunar, sækja námskeið í mismunandi greinum og tekur þá eitt við af öðru. Námið hefst að loknu grunnskólanámi, en á síðustu árum grunnskóla er gefinn kostur á námi í búfræði. Búfræðinám í Svíþjóð skiptist í þrjá þætti:

1. Undirbúningsnám, sem er bæði bóklegt og verklegt og getur verið frá 29—42 vikur. Það er bæði hægt að taka á síðustu árum skyldunáms og að loknu skyldunámi.
2. Almennt búfræðinám, sem er bæði bóklegt og verklegt. Það getur varað í 21—42 vikur, eftir undirbúningi nemenda. Fyrir þá, sem ekki hafa notið búfræðimenntunar en orðnir eru meira en 25 ára, eru sérstök námskeið, fyrst í 10 vikur, síðan geta þeir gengið inn í annað búfræðinám.
3. Framhaldsnám, sem er sérhæft nám eftir búfræðipróf. Er það m. a. ætlað fyrir þá, sem ætla í búnaðarháskóla, en ekki hafa stúdentspróf.

Háskólanám í búfræði í Svíþjóð fer fram við Landbúnaðarháskólann í Ultuna við Uppsali. Það er 4—5 ára nám. Ekki er krafist búfræðiprófs til að hægt sé að hefja háskólanám.

SKIPULAG BÚNAÐARFRÆÐSLUNNAR

1. Svíð laganna.

Nefndinni sem samdi frumvarp þetta var falið að endurskoða löggjöf um búnaðarmenntun í landinu. Garðyrkjumenntun var þó ekki tekin þar með eins og að framan er getið. Hér er valinn sá kostur að hafa í einum lagabálk ákvæði um almenna búfræðimenntun, hvort sem hún fer fram við búnaðarskóla eða við aðra framhaldsskóla (s. s. fjölbrautaskóla), og búfræðimenntun á háskólastigi, enda er ætlast til að sama stofnunin, Bændaskólinn á Hvanneyri, annist kennslu á báðum þessum námsstigum. Þetta er í beinu framhaldi af þeirri þróun sem átt hefur sér stað síðan framhaldsdeild var stofnuð við Bændaskólann á Hvanneyri 1947.

Í kaflanum um hlutverk, skipulag og stjórn er gert ráð fyrir því, í samræmi við ályktun Búnaðarþings, að sett verði á fót nefnd á vegum landbúnaðarráðuneytis, búfræðslunefnd, er marki stefnu í öllum búfræðslumálum og samræmi störf þeirra er að þeim vinna. Þörf fyrir slíka nefnd er meiri, þar sem gert er ráð fyrir að fleiri aðilar fái við fræðslu á sviði landbúnaðarins en áður. Þá er einnig gert ráð fyrir vissri verkaskiptingu á milli þeirra aðila og eykur það á þörf fyrir samræmda stjórn.

Auk þessa skal við hvern bændaskóla starfa ráðgefandi skólanefnd, tilnefnd af stjórnnum viðkomandi búnaðarsambanda eða sambandi. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði kveðið á um, hvaða búnaðarsambönd tækju þátt í tilnefningu skólanefndar við hvern skóla, og er eðlilegt að það yrðu þau, sem liggja næst skólanum og að land-

inu yrði þannig á vissan hátt skipt í skólaumdæmi, þó að ekki væri það á nokkurn hátt bindandi.

Skólanefndirnar yrðu fyrst og fremst ráðgefandi, og til stuðnings við eflingu skólanna. Þær hefðu væntanlega einnig hönd í bagga með skipulagningu námskeiðahalds og yrðu á annan hátt til að auka tengsl skólanna við bændur og samtök þeirra, m. a. í því skyni að glæða áhuga á búfræðinámi og auka aðsókn að búnaðarskólunum.

2. Almenn búnaðarmenntun.

Eins og fram kemur í frásögn af skoðanakönnun, þurfti nefndin að taka afstöðu til lengdar búfræðinámsins, hvort því skyldi lokið á einum eða tveimur vetrum og hve skólatími skyldi vera langur ár hvert.

Þrjár ástæður lágu einkum til þess, að nefndin taldi óhjákvæmilegt að lengja búfræðinámið frá því sem það er nú.

1. Auknar kröfur um verk nám og verkþjálfun, samanber ályktun Búnaðarþings.
2. Það var samdóma álit skólastjóra og kennara búnaðarskólanna, að til þess að geta gert nauðsynlegum, bóklegum greinum viðunandi skil þyrfti lengri kennslutíma en gefst með núverandi fyrirkomulagi.
3. Niðurstöður könnunar.

Nefndin ræddi þann möguleika að hafa eitt langt skólaár, en varð sammála um að það mundi ekki nægja, enda reyndist það greinilegur vilji meirihluta allra sem við var rætt og í samræmi við niðurstöður skoðanakönnunarinnar, að stutt skólaár, það er 7 mánuðir (á milli sláturtíðar og sauðburðar) hentaði nemendum best. Það kom heldur ekki fram, að tveggja vetra nám með stuttu skólaári mundi draga úr aðsókn að skólunum. Þvert á móti er það skoðun nefndarinnar, að aukið og bætt verklegt og bóklegt nám muni örfa aðsókn að skólunum. Nefndin telur þetta því eitt fyrsta skrefið sem taka verður að því marki, að sem allra flestir bændur landsins verði með búfræðimenntun í framtíðinni. Ljóst er að lenging námsins gerir það að verkum, að bændaskólarnir hafa ekki tök á að brautskrá árlega jafn marga búfræðinga, miðað við núverandi húsakost og aðstæður. Þessar tillögur miðast því við það, að hraðað verði byggingu bændaskóla á Suðurlandi jafnframt því sem aukið verði og bætt húsnæði Hólaskóla og í þriðja lagi, að stofnað verði til kennslu í búfræði við væntanlegan fjölbrautarskóla á Austurlandi, samanber viðræður nefndarinnar við Hjörleif Guttormsson, formann byggingarnefndar menntaskóla á Austurlandi.

3. Tenging búfræðináms við annað framhaldsskólanám.

Í ályktun Búnaðarþings er lagt til, að nám í bændaskóla tengist eðlilega almennu skólakerfi landsins. Leggur nefndin áherslu á í tillögum sínum, að nám við búnaðarskóla verði metið til eininga í almennu framhaldsnámi þannig, að það gagnist þeim til prófs sem ljúka vilja námi frá öðrum framhaldsskólum. Í samræmi við þetta er lagt til að íslenska og stærðfræði verði skyldufög til búfræðiprófs, en valfrjálst nám í erlendum málum.

Taldi nefndin að nauðsynlegt væri að veita nemendum búnaðarskólanna kennslu í þessum fögum. Með þessu bættust enn rök fyrir því að lengja skólatímann.

Þá er í frumvarpinu lagt til að nemendur úr öðrum framhaldsskólum eigi rétt á að fá nám sitt metið til eininga, og viðurkennt sem hluta af námi til búfræðiprófs.

Gert er ráð fyrir í frumvarpinu að heimilt verði að koma á eins vetrar framhaldsnámi í búfræði eftir búfræðipróf. Einnig verði námskeiðahald fyrir bændur og starfsmenn landbúnaðarins fastur liður í starfi bændaskólanna.

Eðlilegt er að slík kennsla verði fyrst tekin upp á Hólum, enda er mikilvægt að efla þann skóla sem er að dómi nefndarinnar of lítill.

4. Búvísindanám.

Hugmynd um stofnun búnaðarháskóla hér á landi er nú orðin all gömul. Allt frá stofnun framhaldsdeildar við bændaskólann á Hvanneyri 1947 hefur það vakað fyrir þeim, sem að henni hafa staðið, að hún þróaðist til þess að verða að fullkomnum búnaðarháskóla eftir því sem við framast hefðum tök á að starfrækja hér á landi.

Hér er lagt til, að búnaðarnám á háskólastigi fari áfram fram á Hvanneyri í Borgarfirði við sérstaka deild, sem nefnd er búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri.

Til álita komu tveir aðrir möguleikar á skipulagi þessara mála.

1. Að stofnaður yrði búnaðarháskóli á Hvanneyri, sem annað tveggja yrði þá sjálfstæð stofnun við hlið bændaskólans, eða tæki við af bændaskólanum og sinni búfræðikennslunni jafnframt. En hentara þótti, með tilliti til stjórnar á staðnum og samnota af byggingum, húsi og jörð, að búvísindadeild og búnaðarskóli væru ein og sama stofnunin.
2. Að búvísindanám færi fram við sérstaka deild úr Háskóla Íslands, sem væri á Hvanneyri. Þessi leið var talin flóknari í framkvæmd, enda litið svo á, að eðlilegra væri að búnaðarmentun lyti öll sömu yfirstjórn, og að ná mætti sömu hagræðingu í sambandi við kennslu í undirstöðufögum, sem eru sameiginleg búvísindanámi og námi, sem fer þegar fram við Háskóla Íslands, með því að nemendur búvísindadeildar nyttu kennslu við Háskólann í viðkomandi fögum. Um þá kennslu yrði gert samkomulag á milli skólanna, sbr. 27. gr.

Þó að sá kostur hafi verið valinn að kalla þetta búvísindadeild, en ekki háskóla eða háskóladeild, er ekki verið að slá af kröfum um að námið verði gert eins fullkomið og kostur er, miðað við aðstæður og innan þess ramma, sem viðráðanlegt telst vegna kostnaðar.

Rétt er að benda á, að með lögum um Kennaraháskóla Íslands frá 6. apríl 1971 markaði Alþingi þá stefnu, sem hér er fylgt, að Háskóli Íslands verði ekki eina háskólastofnunin í landinu. Í ákvæðum um búvísindadeild eru mörg ákvæði hliðstæð lögum um Kennaraháskóla Íslands.

Áætlun um kostnaðarauka er mun leiða af frumvarpi til laga um búnaðarfræðslu ef samþykkt verður.

Á undanförunum árum hefur verið jöfn þróun á framhaldsmenntun á Hvanneyri. Síðasti áfangi á þeirri braut er útgáfa reglugerðar nr. 358/1974. Í þeirri reglugerð eru inntökuskilyrði hert og námsefni betur skilgreint en áður og skipt í 6 megin svið: Undirstöðugreinar, búfjárræktarsvið, jarðræktarsvið, hagfræðisvið, nútækni-svið og aðalverkefni. Námsefni og námslengd er ákveðið þannig að námi lýkur með kandidatsréttindum (B. Sc.).

Þegar kennarar hafa verið ráðnir að Bændaskólanum á Hvanneyri, þ. á m. til starfa við búvísindadeild (framhaldsdeild), hefir ekki verið gerður greinarmunur á launum eftir starfi þeirra fyrr en við kjarasamninga 1976. Í þeim var ákveðið að kennarar við búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri taki lægst laun eftir 1fl. A—18 fyrir þann hluta kennsluskyldu sem inntur er af hendi við deildina. Það er sami launaflokkur og lektor var greitt skv. við Háskóla Íslands, sem hafði kandidatspróf eingöngu. Lektor með doctors eða licentiatsgráðu við Háskóla Íslands fékk hinsvegar laun skv. 1fl. A—20.

Kostnaðarauki sem gæti orðið við samþykkt frumvarps að lögum um búnaðarfræðslu, mundi felast í þessum þáttum:

1. Hærri launum kennara.
2. Breyttu mati á kennsluskyldu.
3. Fjölgun kennara.

1. Hærri laun kennara.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að við búvísindadeild verði a. m. k. 5 aðalkennarar og fjöldi aukakennara fari eftir ákvörðun landbúnaðarráðherra. Gera verður ráð fyrir að aðalkennarar við búvísindadeild verði ýmist ráðnir á kjörum prófessora eða dósentar, en aukakennarar á kjörum lektora. Áætla má því að launaskrið yrði að meðaltali um 4 launaflokka samkvæmt kjarasamningum ársins 1976, sem svarar til launahækkunar um 16—17%.

Það hefur tíðkast undanfarin ár, að kennarar á Hvanneyri hafa fengið greidda sumarvinnu, sem hefir numið 1 eða 2ja mánaða launum, þ. e. 8.33 til 16.66% á árslaun. Þessar sumarvinnugreiðslur myndu falla niður. Það yrði álíka sparnaður og kostnaðurinn við launahækkunina er.

2. Breytt mat á vinnuskyldu.

Á undanförunum árum hefur það verið mjög í lausu lofti hvernig bæri að meta vinnu kennara við undirbúning fyrirlestra í búvísindadeild. Til að ráða bót hér á skipaði landbúnaðarráðherra nefnd 3ja manna til að meta kennsluskylduna í samanburði við hliðstæð störf í hliðstæðum stofnunum.

Nú liggja fyrir drög að því mati. Við matið hefur komið í ljós að kennslukraftar við búvísindadeildina eru mjög vel hæfir með hliðsjón af menntun samanborið við Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Tækniskólann.

Í drögum nefndarinnar er reiknað með að kennarar við búvísindadeild verji 30% af daglegum vinnutíma til rannsóknarstarfa og 10% til stjórnunarstarfa. Í kjarasamningum háskólakennara er reiknað með að 40—60% af daglegum vinnutíma sé varið til kennslu og stjórnunar. Rannsóknarstörf geta eftir því orðið 40—60% af daglegum vinnutíma eða 10—30% meiri en við búvísindadeildina.

Kennslu við búvísindadeildina hefir verið hagað þannig að inntaka nýrra nemenda er aðeins 2. hvert ár. Þá er starfrækt kennsla fyrir 1. og 3. árs nemendur og næsta ár kennsla fyrir 2. árs nemendur.

Kennslustundir hafa verið þessar að fjölda á viku:

	1. önn		2. önn	
	bóklegar	verklegar	bóklegar	verklegar
1. og 3. ár	50	19	50	11
2. ár	29	—	29	2
Alls	79	19	79	13

Samkvæmt mati kennslumatsnefndar má áætla að stundafjöldi við kennslu og undirbúning kennslu sé um 6000 stundir á 1. og 3. ári nemenda. Á öðru ári er tíminn um 3000 stundir. Með 60% kennsluskyldu er ársverk kennara 1009 stundir og þyrfti eftir því 6 ársverk kennara við búvísindadeildina þegar álagið yrði mest, en 3 ársverk þegar álagið er minna. Væri kennsluskylda einungis 30% af ársvinnu, sem er nálægt lágmarkskennsluskyldu við Háskóla Íslands, væri þörf 12 ársverka kennara þegar álagið er mest, en 6 ársverk þegar álagið er minna. Það væri um tvöföldun verkálags frá því sem nú er.

Með því að gera ráð fyrir, að skylda til kennslu og stjórnunar yrði 50% af daglegum vinnutíma kennara, þyrfti 6.69 stöður við búvísindadeild til jafnaðar. Það er 2.3 ársverkum meir en nú er skv. tillögum kennslumatsnefndar.

Með þessu fyrirkomulagi ykist rannsóknastarfsemi stofnunarinnar um störf 2.2 manna. Væri hins vegar kennslu- og stjórnunarskyldan 60%, svo sem nú er, þyrfti ekki að fjölga kennurum við búvísindadeild.

3. Fjölgun kennara.

Við Bændaskólann á Hvanneyri eru í árslok 1977 starfandi 11 kennarar auk skólástjóra. Sjö af kennurunum uppfylla skilyrði, sem krafist er til kennslu við

búvísindadeild. Einn þeirra er í ½ starfi. Auk þess nemur aðkeypt stundakennsla 1—1½ ársverki.

Við Bændaskólann á Hólum eru í árslok 1977 starfandi 4 kennarar auk skólastjóra. Aðkeypt aukavinna nemur nálega 1 ársverki.

Með samþykkt frumvarps til laga um búnaðarfræðslu þyrfti kennurum búnaðarskólanna að fjölga um 1 frá því sem nú er. Þessi viðbót er vegna annars fyrirkomulags á verklegu námi.

Hvað varðar búvísindadeild þá þyrfti að ráða aðalkennara á öll svið og aukakennara eftir umfangi sviða og þeim rannsóknum sem starfræktar yrðu við stofnunina. Sé miðað við núverandi aðstæður þyrfti að ráða nýja aðalkennara á 1—2 svið og aukakennara á 1 svið. Með ákvæðum í erindisbréfum kennara við búvísindadeild um kennsluskyldu við bændadeild, mætti spara sér kennarastöður þar.

Kostnaðarauki vegna fjölgunar kennara eru laun 1 kennara vegna nýrra verkefna bændadeilda og 1—2ja kennara við búvísindadeild. Með samvinnu bænda- og búvísindaeildar Bændaskólans á Hvanneyri mætti spara sér viðbótarlaun kennara við bændadeild þar.

Niðurstöður:

Samkvæmt framansögðu má gera ráð fyrir að kostnaðarauki vegna lagabreytingarinnar sé sem svari 1 ársverki við Bændaskólann á Hólum og 2.3—3.3 ársverk við Bændaskólann á Hvanneyri.

Lagabreytingin felur ekki í sér á neinn hátt breytt viðhorf til uppbyggingar og reksturs skólunum né skólabúunum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um hlutverk búnaðarfræðslunnar. Með búnaðarfræðslu er átt við alla fræðslu um búfræði, hvort sem hún fer fram við búnaðarskóla, aðra framhaldsskóla sem kynnu að taka upp slíka kennslu, á námskeiðum við bréfaskóla eða háskóla. Undanskilið er hér garðyrkjunámið eins og að framan greinir, svo og sú fræðsla sem leiðbeiningarþjónustu veitir.

Með yfirstjórn búfræðslumála er átt við landbúnaðarráðuneytið og búfræðslunefnd, samanber 3. gr.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar við.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um skipun búfræðslunefndar, sem ætlað er það hlutverk að móta stefnu í búfræðslumálum og samræma kennslu allra þeirra aðila er við hana fást. Þar sem gert er ráð fyrir að nú verði fleiri aðilar sem kenna búfræði, þar á meðal almennir framhaldsskólar, er enn meiri ástæða til að skipa slíka nefnd. Fulltrúi menntamálaráðuneytisins í nefndinni tryggir eðlileg tengsl við hið almenna skólakerfi.

Um 4. gr.

Nauðsynlegt er að búnaðarskólar hafi aðgang að kennslu- og tilraunabúum. Þú þessi verður að reka þannig, að þau þjóni fyrst og fremst þörfum kennslu, verkþjálfunar og rannsókna. Rekstrarhættir þeirra þurfa að vera til fyrirmyndar miðað við aðstæður sem þeim eru búnar, svo og umgengni. Vegna kennslu- og rannsóknarhlutverks skólabúanna verður að reikna með meiri tilkostnaði við þau en á öðrum búum.

Um 5. gr.

Sjálfsgætt er að rannsóknir sem fara fram á skólastöðunum séu skipulagðar með öðrum landbúnaðarrannsóknum í landinu.

Rannsóknir sem gerðar eru á skólunum geta verið hvort sem er á vegum skólanna sjálfra eða á vegum annarra aðila, svo sem Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins í samvinnu við skólana. Hvort tveggja tíðkast nú við skólana.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir, að búnaðarskólar í landinu verði ekki færri en þrír. Þetta er í samræmi við ákvæði gildandi laga og þann undirbúning sem þegar hefur verið gerður að stofnun búnaðarskóla á Suðurlandi, samanber og skipunarbréf nefndarinnar. Ekki er heppilegt að búnaðarskólar séu mjög stórir, og eru 60—90 nemenda skólar taldir heppilegir m. a. með tilliti til aðstöðu til verknáms.

Ef það er sett sem mark að árlega brautskráist ekki færri en 120—150 búfræðingar, flestir eftir tveggja vetra nám, er hægt að ná því, með þremur skólum, er hefðu samanlagt rúm fyrir um 240 nemendur, auk þeirra sem fjölbrautarskóli eða skólar með búnaðarnámsbraut gætu útskrifað. Það hefur augljóst gildi fyrir hvern landshluta að þar sé starfræktur búnaðarskóli. Í könnun þeirri sem millipinganefnd búnaðarþings gerði á fjölda búfræðinga í bændastétt í hverri sýslu landsins, kom í ljós að hlutfallslega flestir búfræðingar voru í sýslunum næst búnaðarskólunum.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa við.

Um 8. gr.

Í tillögum millipinganefndar Búnaðarþings er lagt til að skólanefndir verði við búnaðarskólana. Skólanefndir eiga að auka tengsl bænda og búnaðarsamtaka við búnaðarskólana og eru líklegir til að stuðla að auknum áhuga á búnaðarnámi og auka ábyrgðartilfinningu búnaðarsamtakanna gagnvart skólunum.

Námskeiðahald á vegum skólanna yrði í samvinnu við búnaðarsamböndin.

Um 9. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að kennarar skuli vera eigi færri en 6 við hvern skóla. Er það einum fleiri en skylt er samkvæmt núgildandi lögum. Gert er ráð fyrir auknu verknámi og verkþjálfun og er því þörf á auknum kennslukröftum. Frekar má reikna með að kennurum þyrfti að fjölga meira en þetta. Heimilað er að ráða bústjóra að skólabúunum á sömu kjörum og með sömu menntun og kennarar hafa. Telja verður æskilegt að bústjórar skólabúanna geti tekið að sér hluta verkegrar kennslu og verkþjálfunar nemenda. Aukin rannsóknarstarfsemi við skólana krefst góðrar samvinnu á milli bústjóra og þeirra fagmanna sem að rannsóknunum vinna.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir að kennarar skólanna verði ársstarfsmenn og vinni auk kennslu að rannsóknunum, kennslubókagerð, undirbúningi námsefnis svo og öðrum störfum í þágu skólans, eftir því sem verkefni falla að kennslusviði þeirra. Nauðsynlegt er að efla tengsl rannsókna og búfræðslu með því að auka rannsóknarstarfsemi við skólana. Skólabúin hafa alla tíð verið meira eða minna notuð til búfjárrannsókna, og jarðræktarrannsóknir hafa verið gildur þáttur starfseminnar á Hvanneyri. Samvinna er góð á milli þeirra sem fást við rannsóknir á skólastöðunum og Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins. Sérfræðingar Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins hafa fengið aðstöðu til tilrauna á skólabúunum og nægir að benda á að nútækni-deild Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins er á Hvanneyri.

Um 11. gr.

Almenn deild búnaðarskólanna er nefnd bændadeild. Er það í samræmi við hefð sem skapast hefur við búnaðarskólana. Inntökuskilyrði eru svipuð og nú gilda. Sleppt er ákvæði um lágmarksaldur, 17 ár við inntöku, sem er í gildandi lögum.

Með lengingu skyldunáms um eitt ár, og kröfum um að nemendur hafi fjölbreytta reynslu við bústörf og hafi að jafnaði stundað þau eigi skemur en eitt ár, ættu slík aldursmörk að vera óþörf.

Um 12. gr.

12. gr. fjallar um lengd námsins, og er lagt til að nám til búfræðiprófs verði tveir vetur. Frá þessu verður þó sú undantekning að þeir, sem stundað hafa nám við aðra framhaldsskóla skulu fá metið til eininga það af fyrra námi sem nýtist til búfræðiprófs.

Rök fyrir lengingu námsins:

1. Það er samdóma álit skólastjóra og kennara búnaðarskólanna, að til þess að gera því námsefni æskileg skil, sem nú er lagt fyrir nemendur búnaðarskólanna, þyrfti lengri skólatíma en hann er nú, $6\frac{1}{2}$ — $7\frac{1}{2}$ mánuður. Auk þess væri æskilegt að auka nokkuð við bóklegt námsefni og að bæta við fögum s. s. heimilisfræðum.
2. Auknu verknámi og verkþjálfun verður ekki komið á nema með nokkurri lengingu skólatíma.
3. Með samræmingu og tengingu við námsefni annarra framhaldsskóla, vex þörfin fyrir kennslu í öðrum fögum en beinum búfræðifögum. Gert er ráð fyrir fastri kennslu í íslensku og stærðfræði, og að gefin verði kostur á kennslu í erlendum málum sbr. 13. gr.
4. Draga mátti þær ályktanir af skoðanakönnun sem framkvæmd var af búfræðslunefnd, að lenging námsins um 1 vetur með tiltölulega stuttum skólatíma, mundi ekki draga úr aðsókn að skólunum, og að það væri æskilegra en að lengja skólaárið t. d. í 9—10 mánuði.

Ljóst er að tveggja vetra búfræðinám krefst meira skólarýmis. Ekki er þó rétt að líta á það sem aukin útgjöld fyrir ríkið, þar sem ætla má að það muni fara í vöxt og verði fremur regla en undantekning að unglingar á þessum aldri, 17—19 ára, verði í skólum, sem ríkið þarf að leggja til og kosta. Valið verður þá frekar á milli þess, hvers konar skólar verða byggðir. Skólar tengdir undirstöðu íslensks atvinnulífs, sem kenna nemendum sínum hver eru grundvallarlögmál náttúru og mannlegrar tilvistar hér á jörð, ættu ekki að vera gerðir hornreka í skólakerfi landsins.

Í greininni er kveðið á um skiptingu námsins í svið og er gert ráð fyrir því, að verknám og verkþjálfun fái aukið rúm. Það er nýjung, að gert er ráð fyrir, að verknám og verkþjálfun geti hvort sem er farið fram við búnaðarskólana, á bændabýlum eða við önnur bú, svo sem tilraunabú. Ætlað er, að hver skóli geti haft á þessu þann hátt, sem best telst henta. Ef búfræðinám verður tekið upp við fjölbrautaskóla, svo sem fyrirhugað mun á Egilsstöðum, gæti samvinna við tilraunabú og önnur bú hentað þar vel.

Um 13. gr.

Að efni greinarinnar hefur nokkuð verið vikið hér að framan. Eðlilegt er að námsefni til búfræðiprófs sé ákveðið með námsskrá sem hægt er að breyta eftir því, sem tilefni gefast. Af nýju námsefni sem eðlilegt væri að taka upp að dómi nefndarinnar, má sérstaklega benda á nám í heimilisfræðum.

Um 14. gr.

Að efni greinarinnar hefur áður verið vikið og þarfnast hún ekki frekari skýringar við.

Um 15. gr.

Ákvæði greinarinnar líta að því, sem að framan hefur verið að vikið, að eðlilegt telst, að búfræði verði tekin upp sem námsbraut við fjölbrautaskóla. Það er álit nefndarinnar, að ekki komi til mála að fjölbrautaskólar geti leyst af hólmi búnaðarskóla í landinu, þó að það geti hentað vel að taka slíkt nám upp við einn eða fleiri fjölbrautaskóla eins og fyrr er að vikið.

Um 16. gr.

Framhaldsnám það, sem um er rætt í greininni er hugsað með svipuðu sniði og komið hefur verið á á hinum Norðurlöndunum. Þar er eins til tveggja vetra nám eftir búfræðiþróf nefnt „Agroteknikerkurs“. Námið er í frumvarpi þessu nefnt „bútæknanám“. Þess ber þó að geta, að námið yrði ekki einungis bundið við bútækni, heldur yrði þetta almennt framhald af búfræðinámi í bændadeild. Leiða má að því rök, að full þörf væri fyrir slíkt nám. Þeir, sem því lykju, mundu jöfnum höndum verða bændur og starfsmenn landbúnaðarins á stærri búum, og við ýmsa þjónustu fyrir bændur. Inn í þetta nám mætti fella ýmis sérnámskeið svo sem í búfjársæðingum o. fl.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa við en að framan eru komnar.

Um 18. gr.

Eitt af þeim atriðum sem millipinganefnd Búnaðarþings benti á, var „að bændum og bændaefnum yrði gert kleift að afla sér nokkurrar búfræðimenntunar utan reglulegra bændaskóla, með því að koma í fast form námskeiðahaldi í búfræðilegum greinum á hentugum stöðum og í bréfaskóla“. Það er eðlilegt, að búnaðarskólarnir standi fyrir slíkum námskeiðum, en þeim er eðlilegt að koma á í samvinnu við búnaðarfélög og ráðunauta. Slík námskeið yrðu bæði sem endurmenntun (fullorðinsfræðsla) og svo til kynningar fyrir þá, sem síðar kynnu að vilja sækja búnaðarskóla.

Um 19. gr.

Árið 1947 var stofnað til framhaldsnáms í búfræði við Bændaskólann á Hvanneyri.

Markmið framhaldsnámsins var að bæta úr brýnni þörf fyrir leiðbeinendur í íslenskum landbúnaði.

Framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri hefur nú starfað í 30 ár og útskrifað um 120 búfræðikandidata og því gegnt mikilvægu hlutverki í framhaldsmenntun í búfræði.

Á þeim 30 árum sem deildin hefur starfað hafa orðið ýmsar breytingar á náms-tilhögun og kröfum til undirbúnings nemenda í þá átt að samræma námsbrautina öðru námi á háskólastigi.

Í upphafi var námstíminn 2 ár. Þá var lögð megináhersla á undirbúning nemenda í búfræðifögum og reynslu í bústörfum.

Almennt undirbúningsnám var síðan aukið smám saman. Frá 1956 var krafist sérstaks undirbúningsnáms auk búfræðiþrófs til inngöngu í framhaldsnámið. Árið 1965 var námstíminn lengdur í 3 ár. Frá árinu 1974 hafa inntökuskilyrði í búvísindanámið verið próf úr raungreinadeild Tækniskóla Íslands eða stúdentspróf auk búfræðiþrófs. Með þessari löggjöf er að því stefnt að treysta og efla það starf, sem unnið hefur verið með stofnun og starfrækslu framhaldsdeildar og síðar búvísindadeildar Bændaskólans á Hvanneyri.

Lögð er áhersla á tengsl námsins við leiðbeiningar og tilraunastörf í þágu íslensks landbúnaðar með því að gera búvísindadeildinni kleift að reka öfluga rannsóknarstarfsemi auk kennslunnar.

Um 20. gr.

Greinin fjallar um stjórn búvísindadeildar og kveður svo á að skólastjóri bændaskólans sé æðsti yfirmaður búvísindadeildar. Honum til ráðuneytis er deildarstjórn, sem skipuð er fulltrúum kennara, einum frá hverju námssviði og tveim fulltrúum nemenda.

Um 21. gr.

Til þess að tryggja eðlilega uppbyggingu hvers námssviðs er gert ráð fyrir aðalkennara er hafi umsjón með hverju sviði bæði hvað varðar þjálfun nemenda, kennslu og rannsóknir.

Mikilvægt er að sömu kröfur séu gerðar til kennara við búvísindadeild og kennara er sinna öðru háskólanámi. Þá er eðlilegt að starfsmenn búvísindaeildar njóti sömu kjara og starfsmenn annara háskólastofnana.

Um 22. gr.

Eðlilegt er að dómnefnd, sem kveðið er á um í þessari grein, skuli hafa fulltrúa frá stofnuninni og félagsskap búfræðimenntaðra manna ásamt fulltrúum ráðuneytis. Félag íslenskra búfræðikandidata er faglegur félagsskapur og því eðlilegur aðili að slíkri nefnd.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 23. gr.

Talið er nauðsynlegt, að þeir sem fá inngöngu í búvísindadeildina, hafi lokið búfræðiprófi. Stúdentspróf er ekki gert að ófrávíkjanlegu skilyrði til að fá inngöngu í skólann, frekar en við búnaðarháskóla í Noregi, Danmörku eða Svíþjóð, og er lagt til, að deildarstjóri setji reglur um almennt, lágmarks undirbúningsnám. Kröfur til almenns undirbúningsnáms til inngöngu í búvísindadeild eru nú þær, að þeir, sem ekki hafa stúdentspróf, hafi lokið prófi frá undirbúningsdeild og raungreina-deild Tækniskóla Íslands.

Um 24. gr.

Greinin er í samræmi við núgildandi reglugerð. Námið skiptist í tvo meginþætti. Annars vegar í grunngreinar og búfræðigreinar hins vegar. Grunngreinar svara til 45% námsefnis í núverandi námskrá.

Um 25. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við námstíma í sambærilegu námi.

Um 26. gr.

Almennu háskólanámi í raungreinum við Háskóla Íslands lýkur með B.S. prófi ýmist að loknum 3 eða 4 árum. Við búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri er námstími nú 3 ár. Kandidatspróf í búfræði er því hliðstætt B. S. prófi í raungreinum frá Háskóla Íslands.

Með ákvæðum greinarinnar er gert ráð fyrir að ljúka almennu kandidatsprófi (B. S. prófi) í lok 3. námsárs eða í byrjun 4. námsárs. Nemendum yrði síðan gefinn kostur á að afla sér viðbótarþekkingar, sem yrði sérhæfðara nám og fælist m. a. í þjálfun við rannsóknir.

Námslok yrðu í lok 4. námsárs. Hliðstæðu þessa fyrirkomulags er að finna við líffræðiskor Háskóla Íslands. Talið er eðlilegt að samræmis sé gætt milli kennslu í búvísindadeild og líffræðiskor (sbr. 27. gr.)

Um 27. gr.

Hér er kveðið á um samvinnu búvísindaeildar og Háskóla Íslands. Ákvæði greinarinnar eiga að tryggja að samvinna verði um kennslu þess námsefnis sem er sameiginlegt búnaðarnámi og því námi sem nú fer fram við Háskóla Íslands.

Um 28. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 29. gr.

Gott bókasafn er forsenda þess að hægt sé að stunda búvísindanám. Bóka-kostur Bændaskólans á Hvanneyri er þegar verulegur, en nauðsyn er að bæta hann að mun.

Um 30. gr.

Greinin er óbreytt frá því sem er í núgildandi löggjöf.

Um 31. gr.

Greinin er í samræmi við ákvæði núgildandi reglugerðar og það sem tíðkast hefur á Hvanneyri.

Um 32.—35. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar við.

Um 36. gr.

Þær breytingar sem felast í 12. gr., þarfnast undirbúnings og er því að dómi nefndarinnar talið eðlilegt að þær komi ekki að fullu til framkvæmda fyrr en að nokkrum tíma liðnum.